


**SKIPALÓN 23 :**
Landnr. 203307 Staðgreinir:75700250

**ÍBÚÐIR:** Í húsinu eru 20 íbúðir með eitt stiga/lyftuhús.
Sameiginleg hjóla- vagnageymsla og sorpgeymsla er í kjallara.
Undir bílastæði hússins er bílageymsla.
Fimm herbergja íbúðir eru 5 talsins, fjögurra herbergja íbúðir eru 5 talsins og þriggja herbergja íbúðir 10 talsins.

STÆRÐIR:

| | | BRÚTTÓFLÖTUR | BRÚTTÓRÚMMÁL |
|---|---|---|---|
| Kjallari án bílgeymslu | : | 348,1 m² | 979,6 m³ |
| 1.hæð | : | 445,1 m² | 1270,2 m³ |
| 2.hæð | : | 436,9 m² | 1245,4 m³ |
| 3.hæð | : | 436,9 m² | 1245,4 m³ |
| 4.hæð | : | 436,9 m² | 1245,4 m³ |
| 5.hæð | : | 436,9 m² | 1397,5 m³ |
| Stærð húss samtals | : | 2.540,8 | 7.383,5 m³ |
| Bílageymsla | : | 554,5 m² | 1.552,6 m³ |
| Heildarstærð með botnpl. | : | 3.095,3 m² | 9.140,2 m² |

Nýtingarhlutfall (A+B-bílg.)/lóð : 2763,2 m²/2103,3 m² = 1,31

**BÍLASTÆÐI:** Bílastæðakrafan hljóðar upp á 1,75 bílastæði per íbúð.
Alls eru 36 bílastæði, þar af 16 stæði á lóð (þar af eitt fyrir fattlaða) og 20 stæði í bílageymslu (þar af eitt stæði fyrir fatlaða). Lóð er hönnuð af Landslagi ehf.

**BYGGINGARLÝSING :**
**Húsið er steinsteypt fjölbýlishús, fimm íbúðahæðir og kjallari.**

**Botnplata** og sökklar eru einangruð með 75mm einangrun.
Kólnunartala botnplötu er 0,3 W/ m² °C, eða betri.

**Plata ofan á bílageymslu** er staðsteypt 27 cm þykk. Gert er ráð fyrir að bílaplanið verði malbikað. Platan er hönnuð fyrir: Jafndreift álag 5 kN/m² Stakan kraft: 175 kN

**Útveggir** eru staðsteyptir og einangraðir að utanverðu með 125 mm steinullarplötum.
Utan á einangrun er báruð álklæðning, slétt að hluta til. Sökklar og botnplötur er einangruð með 75 mm plasteinangrun.
Svalgangurinn er klæddur með timburklæðningu.
Kólnunartala útveggja er 0,4 W/ m² °C, eða betri.
Litir utanhúss eru með ljósu yfirbragði, álklæðning grá og ljósgrá.

**Gluggar** eru ál-tré gluggar. Einangrunargildi glugga og hurða er 2,0 W/m²K

**Innveggir** eru hefðbundnir gifsplötuveggir, 12-15 cm á þykkt.
Allar klæðningar eru í brunaflokki 1.

**Svalagangar** eru óupphitaðir. Framan á þeim eru lóðréttir stálprófílar með uþb 1 meters millibili. Á milli þeirra eru skífur úr hertu öryggisgleri og það er 100mm bil við gólf og 600 mm bil við loft. í meters hæð er handlisti, bakvið glerið.

**Þak** er einangrað á steinsteypta plötu með plasteinangrun ( "styrisol" ) fösuð í tveimur lögum, að meðaltali 250 mm þykkt.
Heilbræddur tjörupappi er undir einangrun á þaki og þakköntum. Vatnshalli á þaki er 2%.
Þakpappinn er í brunaflokki **T.**
Kólnunartala þakflata er er 0,2 W/ m² °C, eða betri

**Aðallagnaleiðir** í húsinu eru í stokkum á bak við vegghengd salerni.

**Útloftun sökkla** sjá teikningar verkfræðinga.

**Hljóðvist.** Lofthljóðeinangrun á milli íbúða skal vera amk. 52 dB og högghljóðeinangrun a.m.k. 63 (58) dB.

**Sorp.** Ein sorpgeymsla er í húsinu sem samnýtist af öllum íbúum hússins. Aðgengi er að henni norð-vestan megin við hlið bílageymslunnar.

**Bílageymslan** Sökklar bílageymslu eru einangraðir með 50 mm steinullareinangrun.
Útveggur bílageymslu er einangraður að innan með 75 mm plasteinangrun. Forstilltir hitablásarar halda bílakjallara frostfríum. Vélrænt útsog frá gólfi.
Snjóbræðsla er í innkeyrslunni að bílageymslunni, í gönguleiðum að aðalinngangi, bílastæði fatlaðra og í tröppum niður að bílageymslu.

**Brunavarnir.** Veggir milli íbúða eru EI90 (staðsteyptir).
Klæðningar innanhúss eru amk. í flokki 1. Svalgangar verða lokaðir með hertu gleri a.m.k. 60 cm. op við að ofan við plötu en a.m.k. 10 cm. op við gólfplötu.
Fjarlægð milli óvarinna glugga tveggja íbúða er amk. 1,2 m.
Í hverri íbúð eru að minnsta kosti tveir reykskynjarar og handslökkvitæki sbr. grein 92.3 í byggingarreglugerð.
Bílageymsla verður sér brunasamstæða með a.m.k. R90/REI90, en burðavirki og hæðaskil sem þjóna íbúðarhúsi verða a.m.k. R90/REI90.
Loftútsog í bílag. er frá gólffleti með vélknúnum búnaði.
Slökkvitæki og reykskynjararar eru skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 greinum, 9.4.4. og 9.4.3. Stigleiðsla er í stigahúsi.
Aðkoma slökkviliðs er um bílaplan norðaustan við húsið annars vegar og svalamegin suðvestan megin hinsvegar.
Platan yfir bílageymslunni þoli þyngri umferð, dælubílar og körfubílar eru heimilir á plötunni.
Platan þolir 20 tonna bíl og stoðarmar körfubíla með þyngd 17,5t mega vera hvar sem er á plötunni. (Jafndreift álag 5 kN/m² og stakan kraft: 175 kN) Skilti verður komið fyrir við innkeyrslu með þessum upplýsingum. Björgunarsvæði fyrir íbúðirnar er frá bílastæði Skipalóns 21. Bílaplanið er björgunarsvæði fyrir Skipalón 25.

**Útsog er frá öllum lokuðum gluggalausum rýmum.**

**Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum, staðsett á teikningum í mkv. 1:50.**

Samþykkt þann
1 9 DES. 2013
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Brynjar Rafn Ólafsson

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | SAMÞYKKT | DAGS |
|---|---|---|---|
| B | SS | PG | 05.11.2013 |
| Endurnýjað byggingarleyfi | | | |
| A | SS | PG | 06.12.2006 |
| Breytt húsnúmer og breytt anddyri. | | | |

BREYTINGAR

ASK Arkitektar
Geirsgötu 9
101 Reykjavík
Sími 515 0300
Fax 515 0319
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

Áritun aðalhönnuðar:
Páll Gunnlaugsson arkitekt FAÍ, kt. 210552-2199

18.11.2013

Skipalón 23
Aðalteikningar
VERKEFNI

HEITI TEIKNINGAR
Afstöðumynd og byggingarlýsing

MKV. Í A1: 1:500
TEIKNAÐ: SS
DAGS: 10.11.2006

VERK NR.: 0688
NÚMER TEIKNINGAR: 10-01
ÚTGÁFA: B